

Ed.

430. Nefndarálit

[210. mál]

um frv. til l. um vísitölu framfærslukostnaðar og skipan Kauplagnesnefndar.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur rætt málið á mörgum fundum, leitað umsagnar um það og m. a. fengið til fundar hagstofustjóra, forstjóra Þjóðhagsstofnunar, forseta Alþýðusambands Íslands og fulltrúa Vinnuveitendasambands Íslands. Tvær skriflegar umsagnir hafa borist og birtast þær með nefndarálitinu þessu. Allir, sem leitað hefur verið álits hjá, virðast sammála um að ný vísitölugrundvöllurinn sé réttari en hinn gamli.

Að vel athuguðu máli eru undirritaðir nefndarmenn sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins og greiða fyrir skjótum framgangi þess, þannig að það geti orðið að lögum fyrir 20. þ. m. því að ella mundi lánskjaravísitala hækka nokkuð meira en vera mundi að frumvarpinu samþykktu.

Minni hl. mun skila sérálitinu.

Alþingi, 12. mars 1984.

Ey. Kon. Jónsson,
form., frsm.

Tómas Árnason.
Lárus Jónsson.

Valdimar Indriðason.

Fylgiskjal I.

BANDALAG HÁSKÓLAMANNA

Fjárhags- og viðskiptanefnd
efri deildar Alþingis,
Alþingi v/Austurvöll,
101 R.

Reykjavík, 7. mars 1984.

Framkvæmdastjórn Bandalags háskólamanna hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um vísitölu framfærslukostnaðar og skipan Kauplagnesnefndar. Framkvæmdastjórnin lýsir fullum stuðningi við að vísitölugrundvöllur byggður á neyslukönnun árin 1978 og 1979 verði tekinn upp. Það er skoðun framkvæmdastjórnarinnar að ekki megi dragast öllu lengur að taka upp vísitölugrundvöll sem er mun nær því að mæla neyslu eins og hún er um þessar mundir auk þess sem hinn nýi grundvöllur hefur þann kost að í honum er tekið tillit til neyslu á ýmsum stöðum utan höfuðborgarsvæðisins.

Virðingarfyllst,
Bandalag háskólamanna,
Sigmundur Stefánsson.

Fylgiskjal II.

ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS

Fjárhags- og viðskiptanefnd Ed.
Eyjólfur K. Jónsson,
Alþingi v/Austurvöll,
101 Reykjavík.

Reykjavík, 2. mars 1984.

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands hefur fengið til umsagnar frv. til l. um vísitölu framfærslukostnaðar og skipan Kauplagnesnefndar. Miðstjórn telur að sá vísitölugrundvöllur, sem byggður er á niðurstöðu neyslukönnunar 1978 og 1979, gefi ekki lengur rétta mynd af raunverulegri neyslu fólks þó færa megi rök fyrir því að hann sé í nánara samræmi við

neysluna en gildandi vísitölugrunnur. Miðstjórn hefði talið brýnna að gera nýja könnun en færa sig af einum gömlum grundvelli yfir á annan. Miðstjórn telur hins vegar ástæðulaust að amast við því að breytingin fari fram, ekki síst í ljósi þess að þær mikilvægustu greiðslur, sem í dag tengjast vísitölu framfærslukostnaðar, eru greiðslur af lánum sem fylgja lánskjaravísitölu og auðvelt er að reikna til samanburðar breytingar skv. eldri grunni séu uppi óskir þar um.

Miðstjórn taldi ekki ástæðu til frekari athugasemda vegna frumvarpsins.

Virðingarfyllst,
f. h. Alþýðusambands Íslands,
Ásmundur Stefánsson.